



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25.04.2008

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. 528. mál.

Mikilvægasta breytingin sem í frumvarpinu felst er að heimila lífeyrissjóðnum að taka þátt í skipulegum lánamarkaði með verðbréf, en að auki eru lagðar til nokkrar aðrar breytingar sem miða að auknum sveigjanleika við ráðstöfun lífeyrisréttinda og greiðslu ellilífeyris ásamt nokkrum smærri breytingum.

Að mati Samtaka atvinnulífsins er almennt skynsamlegt að rýmka reglur um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna. Breytingar sem gerðar hafa verið í þá veru í samvinnu við lífeyrissjóðina hafa gefist vel og gert mögulegt að ná aukinni ávöxtun á eignir sjóðanna. Frá þessu sjónarmiði getur ákvörðun um að heimila lífeyrissjóðunum að lána verðbréf með þeim hætti sem í 6. gr. frumvarpsins felst verið skynsamleg og auk þess stuðlað að aukinni framþróun á verðbréfamarkaði.

Nauðsynlegt er hins vegar að ná sem bestri samstöðu um slíka breytingu og þau markmið sem þar búa að baki áður en hún verður lögfest. Er því lagt til að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað en tíminn nýttur vel til að taka málið til nánari umræðu og undirbúnings á vettvangi lífeyrissjóðanna með það að markmiði að taka málið aftur upp á haustþingi.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Guðlaugur Stefánsson hagfræðingur